

UM ÁA MARÍU OG ÓLAFS

Arngrímur lærði var, ásamt Oddi Skáholtsbiskupi og Guðbrandi Hólabiskupi, einn mesti fræðimaður sinnar tíðar á Íslandi og einn helsti forvigismaður lærðómstefnunnar sem hófst á Íslandi uppúr síðaskiptum. Fræðastörf Arngríms voru einkum á sviði sagnfræða og skrifaði hann mikil verk á því sviði, þ.á.m. *Crymogaea* sem telst vera fyrsta samfellda Íslandssagan. Hann kom fræðum sínum á framsæri við lærða menn á Norðurlöndunum og veitti þar nýja sýn á sögu Noregs, Danmerkur og Svíþjóðar. Sagt er að Olaus Wormius hafi litið á Arngrím sem nokkurs konar lærimeistara sinn.

Páll í Selárdal var afar vel lesinn á mörgum sviðum og málamaður mikill. Eftir hann birtust greinar um náttúru Íslands í *The Philosophical Transactions of the Royal Society* 1674 og í *Journal de Savants* 1675. Líkt og margir aðrir fræðimenn þess tíma lagði hann stund á landmælingalist og mældi hnattstöðu Bjargtanga með allmikilli nákvæmni.

Páll hótti einnig liðtækur skipasmíður. Hann reyndi fyrir sér með mismunandi hönnun bátanna og hótti sú tilraunavinna lukkast vel. Einkum voru þilskip sem hann smíðaði með hollensku lagi vel heppnuð og hóttu með bestu sjóskipum landsins. Frægastur er Páll þó fyrir aðkomu sína að galdramálum. Eftir langvarandi veikindi Helgu konu sinnar tók Páll að sjá útsendara andskotans í hverju horni. Hann skrifaði þá hina áhrifamiklu bók *Character Bestiae* (Kennimark Kölska) og var með skeleggari „nornaveiðurum“ Vestfjarða.

séra Arngrímur „lærði“ Jónsson (1568-1648), fræðimaður og prestur á Melstað í Miðfirði

Helga Arngrímsdóttir (1599-1646), sýslumannsfrú á Bæ á Rauðasandi

séra Páll „í Selárdal“ Björnsson (1621-1706), fræðimaður, prestur og skipasmiður í Selárdal við Arnarfjörð

Ingibjörg Pálsdóttir (1654-1740), bóndi á Eyri við Seyðisfjörð í Ísafjarðardjúpi

Ólöf Jónsdóttir (1686-1778), sýslumannsfrú á Hvítarvöllum

Rannveig Sigurðardóttir (1728-1794), prestsfrú á Stað á Snæfjallaströnd

Rannveig Guðlaugsdóttir (1754-1831), bóndi í Vigur

Rannveig Matthíasdóttir (1779-1865), prestsfrú á Holti í Önundarfirði

Halldóra Ásgeirsdóttir (1815-1881), bóndi á Uppsölum í Seyðisfirði í Ísafjarðardjúpi

Eiríkur „hinn heimski“ Oddsson (1607-1666), bóndi á Fitjum í Skorradal

Oddur Eiríksson (1640-1719), annálaritari og bóndi á Fitjum í Skorradal

séra Eiríkur Oddsson (1670-1735), prestur á Hólum í Hrunamannahreppi

Guðmundur Eiríksson (~1715-?), lögréttumaður

Ari Guðmundsson (1759-?), bóndi á Uppsölum í Seyðisfirði

Rósa Aradóttir (1787-1833), bóndi á Uppsölum í Seyðisfirði

Guðmundur Jónsson (1812-1900), bóndi á Uppsölum í Seyðisfirði

Kristín Guðmundsdóttir (1856-1939), bóndi á Uppsölum í Seyðisfirði í Ísafjarðardjúpi

María Rögnvaldsdóttir (1891-1989), bóndi í Tröð í Bolungarvík



Arngrímur lærði Myndin er tekin af www.vestfirðir.is



Páll í Selárdal. Myndinni hnu-plaði ég af vef Þjóðminjasafnsins

MANNVITSBREKKUR

Ekki þarf langt að skyggjast fram í ættir Ólafs og Maríu til að finna þekktar fræðimenn, enda ljóngafað fólk upp til hópa. Að framan var minnst á langafa Ólafs, Hálfðán Einarsson prófast og fleiri gáfumenn úr þeim ættboga, en marga aðra andans menn má finna í framættunum. Hér koma nokkur dæmi.

Oddur Skálholtsbiskup þótti mikill gáfumaður og naut verulegrar virðingar í biskupstíð sinni. Hann nam fyrst að Hólum hjá Guðbrandi biskupi þar sem hann hefur visast hlotið góða tilsögn í reikningslist og náttúrufræði, en Guðbrandur var mikill visindamaður. Að loknu námi sínu að Hólum hélt Oddur til Kaupmannahafnar þar sem hann lagði stund m.a. á stærðfræði og stjörnufræði, að öllum líkindum undir leiðsögn stjörnufræðingsins fræga, Tycho Brahe. Vitað er að nokkeru síðar heimsótti Oddur stjörnuathugunarstöð Brahes á eyjunni Hveðn og fékk þar afhentan kvadrant sem smíðaður hafði verið fyrir Guðbrand biskup sem síðan notaði hann við hnattstöðumælingar sínar og kortagerð. Sjálfur lagði Oddur all verulega stund á fræðastörf og skrifaði m.a. íslandslýsingu á latínu sem þótti mikið og vandað verk. Sem biskup var Oddur mikilvirkur siðbótarmaður og hafði hina mestu ímugast á hvers kyns kukli og pápísku, líkt og margir aðrir lærðir menn þess tíma. Oddur var mjög hávaxinn maður, sagður höfðinu hærra en aðrir menn.

séra Gísli Einarsson (1621-1688), skólameistari í Skálholti

Gísli Einarsson nam stærðfræði og stjörnufræði við Kaupmannahafnarháskóla og þótti mikill reiknimeistari. Til marks um fjærni hans á því sviði má nefna að á námsárunum var hann fenginn til að skrifa Danmerkuralmanakið 1650, en það verk var alla jafna falíð reyndum prófessorum og þeirra allra bestu stúdentum. Þetta er eina ritverk Gísla sem varðveist hefur í upprunalegri mynd fram á þennan dag. Að loknu námi þáði Gísli stöðu kennara og síðar skólameistara í Skálholti. Svo er að sjá sem Gísli hafi haft yfir að ráða kvadrant, því hann mældi hnattstöðu Skálholts með allnokkurri nákvæmni. Í desember 1652 fylgdist Gísli með halastjörnunni sem þá átti leið hjá jörðu. Lýsing hans hefur varðveist í endurskrift P. H. Resens og er all ítarleg, m.a. reiknar hann út fjarlægð hennar frá jörðu í jarðnánd og virðist það vera nokkuð nærri lagi.

Ekki er mikið vitað um störf Gísla sem kennari og skólameistari í Skálholti, en svo er þó að sjá að hann hafi notið nokkurrar virðingar bæði nemenda og biskups—þrátt fyrir einstaka uppákomur og vandræði sökum drykkjuskapar, en Gísli þótti sopinn góður, einkum á yngri árum. Eftir tólf ár í Skálholti gerðist Gísli prestur að Helgafelli og fer ekki miklum sögum af dvöl hans þar.



Oddur Einarsson (1559-1630), biskup í Skálholti

Kristín Oddsdóttir (~1580-?), prestsfrú í Miklaholti

Bergljót Loftsdóttir (~1605-?), prestsfrú á Setbergi

Kristín Vigfúsdóttir (~1640-?), skólameistarafrú í Skálholti

Bergljót Gísladóttir (1674-1754), þjónustustúlka í Saurbæ á Rauðasandi

Kristín Þorvarðsdóttir (1708-1789), bóndi á Vatneyri við Patreksfjörð

séra Ólafur Einarsson (1737-1828), prestur á Álftamýri við Arnarfjörð


Guðrún Ólafsdóttir (1756-1833), prestsfrú á Stað í Grunnavík

séra Ólafur Hjaltason Thorberg (1792-1873), prestur á Hvanneyri við Siglufjörð

Kristín Ólafsdóttir Thorberg (1835-1894), bóndi í Hvítanesi í Ógursveit

Hálfðán Einarsson (1863-1938), bóndi á Hesti í Hestfirði

Ólafur Hálfðánarson (1891-1973), sjómaður og bóndi í Tröð í Bolungarvík



Ætt Maríu



María ásamt litlum hluta afkomenda á ættarmóti 1981. Myndina tók Guðrún Ragnarsdóttir.



EINAR HÁLFDÁNARSON, snikkari á Eyri og Hvítanesi



Einar Hálfánarson á efri árum. Myndin er tekin úr Einars sögu Guðfinnssonar

Einar snikkari var ákaflega vel liðinn, enda maður ærslafullur og glettinn sem aldrei sást í vondu skapi. Hann þótti einnig ósérhlífinn og hjálpsamur, en nokkuð viðkvæmur ef eitthvað var gert á hans hlut. Líkt og bræður hans, faðir og fleiri skyldmenni var hann mjög fróðleiksfulur og viðlesinn. Helst er Einars þó líklega minnst fyrir störf sín sem snikkari og hreppstjóri Eyrarhrepps, en hann smíðaði Ísafjardarkirkju og stóð meðal annarra fyrir stofnun Ísafjarðar-kaupstaðar og aðskilnaði hans frá sveitinni, en það var mikið hitamál sem

lengi hafði staðið styr um.

Að smíða svo stóra og glæsilega kirkju var nokkurt þrekvirki á þessum árum og tók smíðin sjö ár vegna viðvarandi viðar- og fjárskorts. Kirkjubygginguna nýttu Ísfirðingar þó á meðan hún var í smíðum og var þar rekið leik-



Einar Hálfánarson (í miðrið) ásamt Kristínu konu sinni og Guðjóni bróður sínum. Myndin er tekin úr Sögu Ísafjarðar eftir Jón P. Þór

hús og er svo að sjá sem helstu forsprakkarnir fyrir því uppátæki hafi verið Einar snikkari og Guðjón bróðir hans, síðar prestur í Eyjafirði.

Þykir þetta merkur kafli í leiklistarsögu Íslendinga.

Einar var kvæntur Kristínu, dóttur séra Ólafs Thorberg sem prestur var víða um landið norðanvert en var sonur séra Hjalta í Grunnavík. Eitt sinn fékk Kristín slæma sýkingu í hendi, svo taka varð framan af handleggnum. Einar, verandi lærður snikkari, sagaði sjálfur höndina af konu sinni - eftir tilsögn og undir umsjón Þorvaldar læknis Jónssonar.

Lesi má meira um þennan merkismann í Sögu Ísafjarðar eftir Jón P. Þór.



Mektarmenni úr ættinni. Bergur Thorberg landshöfðingi og amtmaður sunnan og vestan var bróðir Kristínar; Helgi Hálfánarson sálmaskáld, alþingismaður og forstöðumaður prestaskólans var bróðir Einars. Myndirnar eru af vef Alþingis.

SÉRA HÁLFDÁN OG SALTÞISKURINN

Séra Hálfán, faðir Einars snikkara, var prestur og prófastur á Eyri frá 1848. Á þessum árum var kaupstaðurinn að byggjast upp á Eyrinni. Líkt og mörgum öðrum klerkum sinnar tíðar þótti Hálfáni kaupstaðarmenningin heldur ókristileg. Einkum fór fyrir brjóstið á honum hvað kaupstaðarfólkið sótti illa messur og stundaði vinnu á helgidögum.

Í frásögn Sighvats Grímssonar segir: „Það var hið síðasta vor, sem hann lifði, 1865, að veður var gott einn sunnudag og létu kaup-

menn, þegar að morgni, breiða saltfisk, nær því þurran, svo mikinn sem mest mátti og komið varð á reitana, og vann að því fjölmenni alt að miðjum degi. Messudagur var að Eyri, og gat prófastur sungið messu með meðhjálpara sínum og þremur mönnum öðrum, en allur fjöldi fólks var við fiskvinnuna. Þegar embætti var lokið gengur prófastur út úr kirkju í hempu sinni, þvert á móti því sem leið hans lá upp til bæjar á Eyri. En nú gengur hann beina leið niður að fisk-

reitunum, þar sem kaupmenn stóðu og sögðu mönnum fyrir verkum. Þegar þangað kom nam prófastur staðar og mælti:

„Þið egnið Guð til hefndar, en mig til óbæna.“ Að því búnu snýr hann heim til bæjar á Eyri og gekk hvatlega. En alt í einu kom úr heiðbjörtu veðri sú hellirigning, ofan yfir allan fiskinn upp í lopt, að hvert mansbarn, sem úti var, hljóp í hús inn, og þó ekki sumir fyrr en þeir voru orðnir holdvotir, og stóð rigningin til kvelds lotulaust, en mikið af fiskinum varð ónýtt til verslunarvöru“.

HÁLFDÁN OG DAÐEY Á HESTI

Foreldrar Ólafs voru þau Hálfán Einarsson og Daðey Steinunn Elísabet Daðadóttir, bændur á Hesti í Hestfirði. Daðey var ættuð úr Laugar dal í Ögursveit og fer ekki miklum sögum af ætt hennar, eftir því sem ég hef næst komist. Faðir hennar, Daði Arason frá Birnustöðum, dó skömmu eftir að hún fæddist, tæplega þrítugur að aldri, og var hún eina barn móður sinnar, Elísabetar Elíasdóttur frá Eiríksstöðum, vinnukonu á Borg og Ögri í Ögursveit, sem upp komst.

Þeim mun litskrúðugra er slekt Hálfáns, en hann var einn hinna fjöldamörgu afkvæma Einars Hálfánarsonar snikkara og Kristínar Ólafsdóttur Thorberg landshöfðingjasystur, en þau voru bæði komin af kúnstugu og aðsópmiklu fólki í marga

ættliði. Þar má t.d. nefna hinn söng- og drykkelska gleðipinna séra Hjalta Thorberg, afa Kristínar. Hann var prestur á Stað í Grunnavík og víðar við Ísafjardardjúp og þótti hinn mesti gáfumaður, skarpur í ræðu og riti, frábær söngmaður, en heldur lítið gefinn fyrir að sinna sínum prestlegu skyldum og nokkuð þrætugjarn. Hann var því vægast sagt umdeildur meðal sóknarbornanna. Annar umdeildur karakter var Markús Bergsson, sýslumaður í Ögri, en hann var langalangafi Kristínar í móðurætt. Markús þótti dugandi sýslumaður að mörgu leyti, en heldur ósamkvæmur í embættisfærslum sínum. Það var því heldur róstudamt í Ísafjardarsýslu í hans tíð. Föðurætt Hálfáns er einnig mikil og merk og má þar finna menn á borð við afa



Hálfán og Daðey. Myndin er stolin úr einhverri bók—man ekki hverri.

hans og alnafna, prófast á Eyri, en hann var mikill fræðimaður og hélt dagbækur sem finna má á handritadeild Landsbókasafnsins og þykja merk heimild um daglegt líf um miðja 19. öld. Sá átti reyndar ekki langt að sækja fræðimennskuna, því langafi hans var hinn merki fræðimaður séra Einar Hálfánarson á Prestbakka, auk þess sem hann ólst upp hjá frænda sínum, Jóni lærða á Möðrufelli.



Hálfán og Daðey bjuggu á bænum Hesti undir samnefndu fjalli við Hestfjörð.



RÖGNVALDUR OG KRISTÍN Á UPPSÖLUM

Foreldrar Maríu voru þau Rögnvaldur Guðmundsson og Kristín Guðmundsdóttir, bændur á Uppsölum í Seyðisfirði. Rögnvaldur var Strandamaður, frá Kirkjubóli í Staðardal í Steingrímsfirði og var móðurafi hans hinn víðfrægi mælskumaður, Hjalti Jónsson prófastur á Stað í Staðardal. Einnig átti hann ættir að rekja á Barðaströndina, en skáldið og listamaðurinn séra Guðbrandur Sigurðsson á Brjánslæg var langafi hans, en kona hans var Sigríður Jónsdóttir frá Gilsbakka í Hvítársíðu sem m.a. er sungið um í Gilsbakka-þulu. Rögnvaldur var nokkuð afkastamið skáld þó svo ekkert hafi komið út eftir hann á prenti. Þannig má í handritasafni Landsbóka-

safnsins finna a.m.k. 2 söfn verka hans, inniheldur annað sögur, sagnætti, þjóðsögur, rímur og annan kveðskap, en hitt safnið samanstendur af 5 skáldsögum.

Kristín var frá Uppsölum í a.m.k. fjórða ættlið, en foreldrar hennar, föðurforeldrar og ömmuforeldrar höfðu öll búið að Uppsölum. Faðir hennar var orðlagður listamiður, en var þó blindur síðustu 20 æviárin. Kristín var í þriggja komin af hinum alræmda þrætubókarpésa, Mála-Snæbirmi Pálssyni á Sæbóli á Ingjaldssandi, en þrjár sona hans, sérarnir Magnús á Söndum, Markús í Flatey og Hákon á Álftamýri Snæbjarnarsynir voru allir langalangafar Kristínar. Enn



Rögnvaldur og Kristín. Ekki man ég hvar ég fann þessa mynd.

einn langalangafi hennar var hinn akfeiti matmaður og nautnabelgur séra Guðlaugur Sveinsson, prófastur á Kirkjubóli. Sá var mikill fræðimaður og grúskari og læknir góður. Hann var einnig mikill búsyllumaður og var sæmdur verðlaunapeningi danska landbúnaðarsambandsins 1784.



Rögnvaldur og Kristín bjuggu lengi á Svarfhóli í Álftafirði áður en þau fluttust til Uppsala. Myndina tók Magnús Antonsson árið 1962, en ég hnuþlaði henni úr bókinni Vigurætt eftir Þorstein Jónsson.

GILSBÁKKAMENN

Í nærri hálfu þriðju öld hafa Íslendingar kyrjað Gilsbakkaþulu um hver jól, oftast án þess að þekkja mikil deili á fólkinu sem um er sungið önnur en þau að þetta var klárlega mikið gleðifólk og nam-migrísir, hafandi mikla unun af söng, messuvíni og dísætu tei. Það kemur því kannski ekki á óvart að þau reynast skyldmenni okkar. Kvæðið var samið fyrir jólin 1760 af séra Kolbeini Þorsteinssyni, sem síðar varð prestur í Miðdal í Mosfellssveit og er svo að sjá sem hann hafi ort þuluna til Guðrúnar dóttur sinnar, en hún hefur þá verið á fjórða ári og hefur vísast hlakkað mikið til jólanna.

Séra Kolbeinn var kvæntur Arndísi, dóttur séra Jóns Jónssonar á Gilsbakka í Hvítársíðu, en hann er „afi“ í þulunni og „amma“ er þá kona hans, Guðrún Þórðardóttir. Þau Jón og Guðrún áttu átta börn og var Arndís þeirra elst. Þegar haft er í huga hvenær kvæðið er ort, liggur ljóst fyrir að þegar sungið er um „þínar fjórar systur og bræðurna þrjá“ er í raun átt við móðursystur og –bræður Guðrúnar litlu, enda eru þau öll nafngreind í kvæðinu: Jón eldri og yngri, Vilborg, Margrét, Guðný, Sigríður og Markús (hver Rósa og Góði-Þórður voru veit ég ekki). Ein systranna,

Sigríður sem leiðir Guðrúnu litlu inn í bæinn í kvæðinu og hefur verið 11 ára jólin 1760, giftist síðar séra Guðbrandi Sigurðssyni, en hann fékk brauð að Brjánslæg á Barðaströnd. Þeirra dóttir var Sigríður, en hún giftist Hjalta Jónssyni presti og prófasti á Stað í Steingrímsfirði og var þeirra dóttir Gunnfríður, móðir Rögnvaldar.

Gilsbakkapula (1760)
eftir sr. Kolbein Þorsteinsson

Kátt er á jölunum, koma þau senn,
Þá munu upp líta Gilsbakkamenn,
Upp munu þeir líta og undra það mest,
Úti sjái þeir stúlku og blesóttan hest,
Úti sjái þeir stúlku, sem um talað varð:
„Það sé ég hér riður hún Guðrún mín um garð“

Það sé ég hér riður hún Guðrún mín heim.“
Út kemur hann góði Þórður einn með þeim,

Út kemur hann góði Þórður allra fyrst,
Hann hefur fyrri Guðrúnu kysst
Hann hefur fyrri gefið henni brauð
Tekur hana af baki, svo tapar hún nauð,
Tekur hana af baki og ber hana inn í bæ.
„Kom þú sæl og blessuð“ segir hann æ.
„Kom þú sæl og blessuð, keifaðu inn,
Kannski þú sjáir hann afa þinn,
Kannski þú sjáir hann afa og ömmu þína hjá,

Þínar fjórar systur og bræðurna þrjá,
Þínar fjórar systur fagna þér best,
Af skal ég spretta og fódra þinn hest,
Af skal ég spretta reiðtygjum þin;
Leiðið þér inn stúlkuna, Sigríður mín,
Leiðið þér inn stúlkuna og setjið hana í

sess“

„Já“ segir Sigríður, „fús er ég til þess;“
„Já“ segir Sigríður - kyssir hún fljóð -
„Rektu þig ekki í veggina, systir mín góð,
Rektu þig ekki í veggina, gakktu með mér.“

Koma þær inn að húsdýrum og sæmilega fer;
Koma þær inn að húsdýrum og tala ekki orð.

Þar situr fólkið við tetrykkjuborð,
Þar situr fólkið og drekkur svo glatt,
Fremst situr hann afi með parrukk og hatt,

Fremst situr hann afi og ansar um sinn:
„Kom þú sæl, dóttir mín, velkomin inn,
Kom þú sæl, dóttir mín, sittu hjá mér,
Nú er uppi teið og bagalega fer,
Nú er uppi teið, en ráð er við því,
Ég skal láta hita það aftur á ný,
Ég skal láta hita það helst vegna þin,
Heilsaðu öllu fólkinu, kindin mín.
Heilsaðu öllu fólkinu og gerðu það rétt.“
Kyssir hún á hönd sína og þá er hún nett,

Kyssir hún á hönd sína og heilsar án móðs;

Allir í húsinu óska henni góðs,
Allir í húsinu þegar í stað
Taka til að gleðja hana, satt er það,
Taka til að gleðja hana, ganga svo inn.

Guðný og Rósa með teketilinn,
Guðný og Rósa með glóðarker.
Ansar hann afi við yngri Jón þá:
„Taktu ofan bollana og skenktu þar á,
Taktu ofan bollana og gáðu að því,
Sparaðu ekki sykrið að hneppa þar í,
Sparaðu ekki sykrið því það hef ég til,
Allt vil ég gera Guðrúnu í vil,
Allt vil ég gera fyrir það fljóð;
Langar þig í sýrópið, dóttir mín góð?
Langar þig í sýrópið?“ afi kvað.
„Ei ja ja, dáindi þykir mér það.
Æi ja ja, daindi þykir mér te“
„Má bjóða þér mjólkina?“ - „Meir en svo sé“

„Má bjóða þér mjólkina? Bið þú þá við.
Sæktu fram rjóma í trogshornið,
Sæktu fram rjóma, Vilborg, fyrst,
Vertu ekki lengi, því stúlkan er þyrst,
Vertu ekki lengi, því nú liggur á.“
Jón fer að skenkja á bollana þá,
Jón fer að skenkja, ekki er það spé,
Sýrópið, mjólkina, sykur og te,
Sýrópið, mjólkina, sýpur hún á;
Sætt mun það vera. „Smakkið þið á.“
Sætt mun það vera, sýpur hún af lyst,
Þangað til ketillinn allt hefur misst,
Þangað til ketillinn þurr er í grunn,
Þakkar hún fyrir með hendi og munn,
Þakkar hún fyrir og þykist nú hress.

„Sittu nokkuð lengur til samlætis.
Sittu nokkuð lengur, sú er mín bön“
Kallar hann afi á eldra Jón,
Kallar hann afi: „Kom þú til mín,
Sæktu ofan í kjallara messuvín,
Sæktu ofan í kjallara messuvín og mjöð,
Ég ætla að veita henni, svo hún verði glöð,

Ég ætla að veita henni vel um stund.“
Brátt kemur Jón á föður síns fund,
Brátt kemur Jón með brennivínsglas,
Þrífur hann staupið, þó það sé mas,
Þrífur hann staupið og steypir þar á;
Til er henni drukkið og teygjar hún þá,
Til er henni drukkið ýmislegt öl,
Glösin og skálarnar skerða hennar böll,
Glösin og skálarnar ganga um kring,
Gaman er að koma á svoddan þing,
Gaman er að koma þar Guðný ber
Ljósíð í húsið, þá húmið að fer.
Ljósíð í húsið logar svo glatt,
Amma gefur brauðið, og er það satt,
Amma gefur brauðið og ostinn við;
Margrét er að skemmta að söngvara síð,
Margrét er að skemmta, það er henni sýnt,

Þá kemur Markús og dansar svo fint,
Þá kemur Markús í málþryggjulok,
Leikur hann fyrir með latínusprok,
Leikur hann fyrir með lystugt þel
Ljóðin eru þrotin og lifið þið vel.